



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistöfræði

3. árg. 3. tölublað. Mars 2009.

EFNI:

Heilsuvefsjá – Ný upplýsingaveita um heilbrigðisþjónustu **bls. 1**

Biðlistar vegna skurðaðgerða á sjúkrahúsum í febrúar 2009 **bls. 1**

Fóstureyðingar og ófrjósemis- aðgerðir árið 2007 **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthias Halldórsson
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Ritstjóri
Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.


HEILSUVEFSJÁ – NÝ UPPLÝSINGAVEITA UM HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU

Miðvikudaginn 11. mars var ný upplýsingaveita kynnt hjá Landlæknisembættinu sem nefnist [Heilsuvefsjá](#). Um er að ræða nýjan vef sem veitir aðgang að samþættum upplýsingum úr vöruhúsi heilsufarsgagna um heilsufar og heilbrigðisþjónustu og birtir upplýsingarnar í vefsjá með myndrænni framsetningu.

Fyrsta áfanga Heilsuvefsjár er lokið, en hann inniheldur upplýsingar um aldraða og öldrunarþjónustu. Síðar verður bætt við fleiri flokkum upplýsinga. Í Heilsuvefsjá er unnt að kalla fram upplýsingar um aðgengi, framboð og notkun á þjónustu fyrir aldraða ásamt upplýsingum um fjölda aldraðra.

Upplýsingar í Heilsuvefsjá eru settar fram á kortum og í töflum sem auðveldar samanburð milli sveitarfélaga og landshluta. Talsverður sveigjanleiki er í birtingu upplýsinganna og geta notendur t.d. valið að skoða gögnin eftir árum, aldursbilum, kyni og jafnvel eftir stofnunum.

Heilsuvefsjá birtir upplýsingar frá fleiri en einni stofnun, þ.e. frá Landlæknisembætt-



inu, heilbrigðisráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti og Hagstofunni.

Samstarfsaðilar Landlæknisembættisins við gerð Heilsuvefsjár eru heilbrigðisráðuneytið, Kögun hf. og Samsýn ehf. Kögun hf. sá um hönnun og tæknilega útfærslu vöruhússins en Samsýn ehf. hannaði og útfærði viðmót vefsjárinnar.

Sigríður Haraldsdóttir

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM Í FEBRÚAR 2009

Landlæknisembættið birti nýlega tölur á vefsetri sínu um [bið eftir völdum aðgerðum á sjúkrahúsum](#). Innköllun og birting biðlistaupplýsinga er á stöðluðu formi og byggir á upplýsingum um fjölda einstaklinga sem bíða eftir að komast í tiltekna aðgerðir og áætlaðan biðtíma eftir þeim.

Almennt má segja að bið eftir aðgerðum á sjúkrahúsum hér á landi sé ásættanleg, með nokkrum undantekningum þó. Undanfarin misseri hafa biðlistar einkum verið áberandi

eftir hjartaþræðingum, liðskiptaaðgerðum og aðgerðum á augasteini. Heilbrigðisyfirvöld hafa brugðist við með ýmsum hætti til þess að stytta bið eftir þessum aðgerðum. Þannig var á sl. ári gerður tímabundinn samningur við lækna- og LaserSjón um aðgerðir á augasteinum og auknum fjármunum var ráðstafað til hjartaþræðinga.

Framh. bls. 2



*Bið eftir
hjartaþræðingum
hefur styst
umtalsvert á
síðastliðnu ári.*

Sýnt þykir að þessar aðgerðir hafi þegar skilað einhverjum árangri. Eins og mynd 1 sýnir hefur bið eftir hjartaþræðingum styst umtalsvert. Í febrúar á þessu ári voru 43 einstaklingar á biðlista eftir slíkum aðgerðum, en þeir voru 123 á sama tíma í fyrra.

Sömu sögu er þó ekki að segja um bið eftir augasteinsaðgerðum. Þrátt fyrir samning um fjölgun augasteinsaðgerða við tvær einkareknar læknastofur, hefur biðtími eftir þessum aðgerðum ekki styst eins mikið og vænst var. Í febrúar síðastliðnum biðu 1224 einstaklingar eftir skurðaðgerðum á augasteini en voru 1543 í október 2008 og 1328 í júní 2008.

Mynd 2 sýnir áætlaðan biðtíma eftir skurðaðgerðum á augasteini. Biðtími er gefinn upp í heilum vikum og er mat stjórnenda sjúkrahúsa og læknastofa á því hversu lengi sjúklingur, án fylgikvilla, gæti þurft að bíða að hámarki eftir þessari tilteknu aðgerð. Eins og sjá má er áætlaður biðtími umtalsvert lengri á Landspítala og St. Jósefsspítala en á læknastofunum Sjónlagi og LaserSjón.

Ágústa Benný Herbertsdóttir




*Fóstureyðingum
hefur farið heldur
fækkandi
undanfarinn áratug,
hvort sem miðað er
við hverjar eitt
þúsund konur
eða eitt þúsund
fæðingar.*

FÓSTUREYÐINGAR OG ÓFRJÓSEMISADGERÐIR ÁRIÐ 2007



Fóstureyðingar

Árið 2007 voru skráðar 877 fóstureyðingar hjá konum með lögheimili á Íslandi, sem er nokkuð minna en árið á undan en svipað og árin 2004 og 2005. Tölur um fóstureyðingar á hverjar 1.000 konur sýna að fóstureyðingum hefur farið heldur fækkandi undanfarinn áratug, en fækkun sést ennfremur sé litið til fjölda fóstureyðinga miðað við hverjar 1.000 fæðingar, sbr. mynd 1.



Að jafnaði gangast flestar konur í aldursþópnum 20–24 ára undir fóstureyðingu. Ríflega 27% allra fóstureyðinga árið 2007 voru framkvæmdar á konum í þessum aldursþópi. Eins og mynd 2 (bls. 3) sýnir fjölgaði fóstureyðingum meðal 19 ára og yngri hlutfallslega árið 2007 eftir nokkra fækkun hin síðari ár. Sú fækkun hefur jafnan verið skýrð með tilkomu og auðveldara aðgengi að neyðargetnaðarvörnum auk öflugs fræðslu- og forvarnastarfs. Frá því að neyðargetnaðarvarnir komu á markað árið 1998, jókst sala þeirra hratt fram til ársins 2005, en hefur síðan þá staðið nokkuð í stað (mynd 3, bls. 3). Hlutfall fóstureyðinga meðal kvenna 40 ára og eldri af heildarfjölda framkvæmdra fóstureyðinga er nú um 3,2% og hefur ekki verið lægra í nokkra áratugi.


Framh. bls. 3



Ófrjósemisaðgerðir

Árið 2007 gengust 486 einstaklingar undir ófrjósemisaðgerð hér á landi, 190 konur og 296 karlar. Þetta eru töluvert færri aðgerðir en framkvæmdar hafa verið mörg undanfarin ár, en þær voru flestar tæplega 800 um síðustu aldamót.

Fækkunin hefur einkum orðið meðal kvenna. Árið 2005 voru ófrjósemisaðgerðir í fyrsta skipti fleiri hjá körlum en konum og nú er svo komið að hlutfall kynjanna meðal þeirra sem fara í ófrjósemisaðgerðir er 60% karlar á móti 40% konum.



*Ófrjósemis-
aðgerðum hefur
fækkað umtalsvert
frá því um síðustu
aldamót,
úr tæplega 800
í 486 á árinu 2007.*

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir